

**Ed.**

## **673. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá öðrum minni hl. landbúnaðarnefndar.

Á Alþingi 1942—1943 var borið fram í Ed. frumvarp nákvæmlega samhljóða því, er hér liggur fyrir. Var það afgreitt frá deildinni með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem telja verður eðlilegt og rétt, að ákvæði um styrk úr ríkissjóði til stofnunar nýbýla, til endurbygginga sveitabýla og ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna verði öll athuguð og umbætt samtímis, svo fljótt sem verða má, til þess að tryggja betur en nú er gert, að nefnd ákvæði nái tilgangi sínum, og þar sem jafnframt verður að telja eðlilegt, að búnaðarþingi gefist þess kostur að láta Alþingi í té álit sitt og tillögur um slíkar breytingar, telur deildin ekki ástæðu til frekari afgreiðslu málsins á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Á búnaðarþingi 1943 var mál þetta til meðferðar, og samþykkti þingið með 23 samhljóða atkvæðum tillögu þá, sem frá er greint í bréfi millipíngan. búnaðarþingsins, er prentað er sem fylgiskjal hér á eftir. En bréf þetta er svar við bréfi landbúnaðarn., þar sem beðið var um álit millipínganefndarinnar á frv.

Með tilliti til þess, sem áður hefur gerzt í málinu, og með tilvísun til samþykta Alþingis og búnaðarþings legg ég til, að frv. verði afgreitt með svólátandi

### **RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Þar sem millipínganefnd búnaðarþings í landbúnaðarmálum hefur jarðasölumálið til athugunar og þar sem ætla má, að sú nefnd leggi fram á næsta búnaðarþingi nýjar tillögur varðandi 17. gr. jarðræktarlaganna og önnur hliðstæð lagaboð, telur deildin ekki rétt að samþykkja frv. þetta, fyrr en vitað er, hverjar leiðir búnaðarþing leggur til, að farnar verði, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. des. 1944.

Páll Hermannsson.

### **Fylgiskjal.**

#### **MILLIPÍNGANEFND BÚNAÐARÞINGS 1943.**

Reykjavík, 24. nóv. 1944.

Sem svar við bréfum yðar frá 24. okt. og 11. nóv. s. l. vill millipínganefnd búnaðarþings 1943 taka þetta fram:

Umrætt mál lá fyrir síðasta búnaðarþingi og var afgreitt með eftirfarandi tillögu, er var samþykkt með 21 samhljóða atkvæði:

„Þar sem búnaðarþingið er þeirrar skoðunar, að leið sú, sem farin var með ákvæðum 17. gr. jarðræktarlaganna og ákvæðum byggingar- og landnámsjóðslaganna um fylgifé jarða, muni ekki ná upphaflega fyrirhuguðu marki, að halda niðri söluverði jarða, ályktar búnaðarþingið að fela millipínganefnd þess í landbúnaðarmálum að athuga jarðasölumálið og leggja fram tillögur um, hvernig hægt sé að halda jarðaverði við hóf í náinni framtíð.“

Nefndin vill lýsa því yfir, að hún er sammála þessari tillögu, en þar sem jarðasölumálið er mjög viðkvæmt og vandasamt mál, telur meiri hluti nefndarinnar ekki viðeigandi annað en leggja tillögur sínar í því fyrst fyrir búnaðarþing, er kemur saman á þessum vetri, til athugunar og afgreiðslu, áður en tillögur frá Búnaðarfélagi Íslands um þessi mál eru lagðar fyrir Alþingi. Minni hlutinn, Pétur Ottesen og Jón Sigurðsson, lýsir því yfir, að hann muni styðja að framgangi málsins á yfirstandandi Alþingi.

Virðingarfyllst,

Hafsteinn Pétursson.

M. Stefánsson.

Til landbúnaðarnefndar Ed. Alþingis, Reykjavík.